

Miðvikudaginn 11. júní 1952.

Nr. 40/1952. **Hörður Ólafsson** (Sjálfur)

gegn

Málmiðjunni h/f, Magnúsi Helgasyni og

Sigurði Berndsen (Enginn).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, en Þorsteinn S. Thorar-ensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Svo krefst hann þess, að því er varðar stefnda Sigurð Berndsen, að fjárnámsgerð í húseigninni nr. 10 A við Bergstaðastræti í Reykjavík verði staðfest. Loks krefst hann þess, að stefndu verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, og hefur þeim þó verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og áðurgreinda fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjanda kr. 1800.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndu, Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Sigurður Berndsen, greiði in solidum áfrýjanda, Herði Ólafssyni, kr. 1800.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu 16. júní s.l. af Herði Ólafssyni hdl., hér í bæ, gegn Málmiðjunni h/f, Magnúsi Helgasyni, Grenimel 20, og Sigurði Berndsen, Barmahlíð 30, öllum hér í bænum, til greiðslu vixils, upphaflega að fjárhæð kr. 30.000.00, nú að eftirstöðvum kr. 18.500.00, útgefins 26. okt. 1950 af stefnda Magnúsi og samþykkt af stefnda Málmiðjunni h/f til greiðslu í Landsbankanum hér í bæ við sýningu, en á vixli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 11. júní s.l., er stefndi Sigurður ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér eftirstöðvar vixilsins, kr. 18.500.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu Málmiðjan og Magnús hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit vixilsins með eyðuframsali svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, að því er þá varðar, svo og gagnvart stefnda Sigurði Berndsen, er hefur sótt þing, en engar varnir haft uppi, er komast mega að í máli þessu.

Málskostnaður ákveðst kr. 1300.00.

Dómsorð:

Stefndu, Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Sigurður Berndsen, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Herði Ólafssyni, kr. 18.500.00 með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1951 til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og kr. 1300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 12. nóvember 1951.

Gerðarbeiðandi er mættur og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt rskj. 2, kr. 18500.00, 6% ársvöxtum frá 11/6 1951 til greiðsludags, 1/3% upphæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað, kr. 1300.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli, Sigurður Berndsen, Barmahlíð 30, er mættur og samþykkir út af fyrir sig, að mál þetta verði tekið fyrir hér á skrifstofunni. Hins vegar mótmælir hann fjárnámi og áskilur sér allan rétt í því sambandi.

Eftir kröfu gerðarbeiðanda lýsti fógeti fjárnámi í fasteign gerðarþola nr. 10A við Bergstaðastræti fyrir fjárnámskröfunum og brýndi þýðingu þess fyrir gerðarþola.